

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 3. mars 2008

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um Loftslagsráð.

Skógrækt ríkisins tekur ekki afstöðu til þess hvort stofna eigi loftslagsráð skv. tillögunni eða hvort betra sé að fást við þennan málaflokk á einhvern annan hátt.

Áherslurnar sem fram koma í tillögunni, greinargerðinni og viðaukunum snúa einkum að einum þætti, þ.e. að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúslofttegunda. Sé ástandið eins alvarlegt og fram kemur í greinargerðinni veitir hins vegar ekki af að beita öllum ráðum til að stemma stigu við hlýnun andrúmsloftsins og afleiðingum þess. Meðal þeirra ráða eru t.d. binding kolefnis með nýskógrækt og uppgræðslu lands og viðhald kolefnisforða í skógum sem fyrir eru. Því leggur Skógrækt ríkisins til að fyrsti liður tillögunnar verði víðtækari og orðist þá svo:

a. að stuðla að aðgerðum sem draga úr hlýnun andrúmsloftsins af mannavöldum,

Verði tillagan samþykkt er eðlilegt að Skógrækt ríkisins verði meðal þeirra stofnana sem sæti eiga í Loftslagsráði.

Virðingarfyllst
F.h. Skógræktar ríkisins

Þröstur Eysteinnsson
sviðsstjóri þjóðskóganna